

## Skýrsla stjórnar fyrir tímabilið 29. mars 2015 – 19. apríl 2016

Skýrsla lesin á aðalfundi Nýlistasafnsins 19. apríl 2016, Völvufelli 13-21, 111 Reykjavík.

### Innri starfsemi:

#### Fastir starfsmenn á tímabilinu

**Þorgerður Ólafsdóttir** (formaður stjórnar og safnstjóri, 75% starfshlutfall)

**Eva Ísleifsdóttir** (safneignarfulltrúi, 60% starfshlutfall) lét af störfum í lok september 2015. **Becky Forsythe** tók í kjölfarið við starfinu sem safneignarfulltrúi (70% starfshlutfall) en Becky hóf að koma til okkar í sjálfböðavinnu í janúar 2015 og hefur verið ómetanleg hjálp síðan þá.

**Kolbrún Ýr Einarsdóttir** (framkvæmdastjóri, 60% starfshlutfall). Kolbrún hefur verið í orlofi frá júlí en hóf aftur störf í byrjun febrúar 2016.

**Edda Kristín Sigurjónsdóttir** (framkvæmdastjóri, 60% starfshlutfall), tók við af Kolbrúnu á meðan orlofi stóð. Kolbrún og Edda hafa deilt með sér 80% stöðu frá því í byrjun febrúar en Edda lýkur störfum formlega eftir þennan árfund.

Nýlistasafnið þakkar Evu og Eddu Kristínu kærlega fyrir frábær og vel unnin störf, orku og jákvæðni sem hafa auðgað safnið og styrkt.

#### Samstarfsfélagar / sérstök verkefni

**Arnar Freyr Guðmundsson** heldur áfram sem yfirhönnuður safnsins.

**Heiðrún Harðardóttir** heldur áfram sem bókarí safnsins ásamt því að annast launaútreikninga og reikninga frá safninu.

**Jón Örn Loðmfjörð** annast áfram forritun fyrir Nýló í hjáverkum.

**Hilmar** og **Klara í Morkinskinnu** hefur verið safninu innan handar varðandi forvörslu verka ásamt **Jeannette Castioni**, en hún og **Ólafur Ingi Jónsson**, forvörður Listasafns Íslands hafa verið þeir forverðir sem safnið leitar til varðandi þau mál sem snúa að umönnun verka.

Nýló hefur úrvalslið einstaklinga sem sjá um yfirsetu um helgar: **Hanna Kristín Birgisdóttir**, **Una Björg Magnúsdóttir**, **Snædís Malmquist**, **Megan Auður Grímsdóttir** en sú síðarnefnda hefur verið í starfsnámi hjá safninu síðan janúar 2016.

Fulltrúar sem veitt hafa gott liðsinni og ráðgjöf við ýmisleg verkefni eru **Unnar Örn Auðarson**, **Ólafur Jónsson**, **Einar Örn Benediktsson** og **Vilhjálmur Þorsteinsson**.

**Stjórnarliðar** er frábær hópur kröftugra og einstaklinga og mikilla hugsuða sem hafa staðið sig einstaklega vel í öllum þeim ákvarðanatökum og stórtæku skrefum sem Nýló hefur tekið á árinu.

**Lærlingarnir** okkar á árinu voru þær **Kasia Kujawa** frá Póllandi og **Becky Hung** frá Tævan sem komu til okkar í tvo mánuði í apríl - júní 2015. **Simone Culotta** frá Ítalíu var í þrjá mánuði frá ágúst til október og **Megan Auður Grímsdóttir** hefur aðstoðað við ýmisleg verkefni síðan í janúar.

## **Nýlistasafnið í Breiðholti**

Starfsemi Nýló í Breiðholti hefur haldið áfram af fullum krafti. Áhorfendahópur safnsins heldur áfram að stækka og breikka. Sú ákvörðun að hafa fært sýningastarfsemi safnsins tímabundið í Breiðholtið hefur vakið afar jákvæð viðbrögð, innan sem utan myndlistar- umhverfisins. Hverfið í kringum safnið hefur líka tekið jákvæðum breytingum og það þóttu mikil tíðindi þegar Gamla Kaffistofan opnaði dyrnar hérna á móti okkur.

Með flutningunum upp í Breiðholt efldist safnastarfið. Safneignin sjálf fékk aukið rými og pláss svo að svigrúm gefst fyrir fleiri verk inn í safnið og frekari athafna til rannsókna. Safneignin og sú hliðarsaga sem skráð er í heimildasöfn Nýló er kjörinn vettvangur rannsókna á myndlist og þá sérlega þeirrar sem að gerðist í og kringum Nýló. Eitt af hlutverkum nýja sýningarýmisins á neðri hæðinni, fyrir utan að vera gluggi að safneign og sögu Nýló, er að bjóða upp á og leita eftir samstarfi við fræðimenn, sýningarstjóra, listamenn og nemendum.

## **SAFNEIGNARFULLTRÚI**

En eins og brýnt var fyrir á síðasta ársfundi lagði Nýló upp með að tryggja starf safneignarfulltrúa og það var ákveðið að hækka starfshlutfall Becky í 70% á árinu 2016 eftir að fjárlög þessa árs skýrðust. Stefnt er að hækka starfshlutfallið enn meira á næstunni eða deila starfshlutfallinu milli tveggja aðila þar sem verkefnin í safneign eru umfangsmikil eins og greint verður frá núna.

## **SKRÁNING**

Eftir flokkun og skráningu síðustu ára kemur sífellt betur í ljós mikilvægi safneignarinnar hvað íslenska samtímalistasögu varðar. Eitt af langtímamarkmiðum Nýlistasafnsins er að koma safneign sinni fyrir þannig að hún sé aðgengileg og að heimildir og arkíf safnsins nýtist rannsakendum sem best. En skráning er lifandi ferli sem þarf stöðugt að sinna og betrumbæta.

Nýlistasafnið hefur nú lokið við að yfirfæra skráningu á safneign sinni í miðlægan gagnagrunn safna Sarpur 3.0. Frá því að Nýló yfirfærði upplýsingar sínar á ytri vef Sarps hefur það margsýnt sig og sannað að Sarpur hefur ótvírætt fræðslu og upplýsingagildi, ekki bara í þágu myndlistar og listasögunar í landinu heldur fyrir almenning. Sarpur hefur orðið til þess ótal eintaklingar; fræðimenn, listamenn og nemendur hafa nálgast safnið varðandi fyrirspurnir sem varða ákveðin verk, listamenn og hópa, eða upplýsingar sem snúa að ákveðnum tímabilum í íslenskri samtímalistasögu.

## HEIMILDARSÖFNIN – LISTAMANNAREKIN RÝMI & GJÖRNINGAARKÍFIÐ

Í október 2015 var aftur sótt um styrk frá Safnaráði fyrir skráningu heimildasafnanna. Arkífin eru einungis skráð í tölvutæku formi og eru geymd á hörðum disk í safninu. Ef að styrkur hlýst munum við fara í að útbúa leiðbeiningar hvernig haga eigi skráningu heimildarsafnanna. Útbúa leiðarvísi, umsóknarform, notkunarskilmála varðandi aðgang að gögnum og gera sérsniðin gjafabréf vegna heimilda og gagna sem berast safninu. Að endingu viljum við betrubæta umgjörð, hönnun og merkingu á heimildarsöfnunum. Um er að ræða viðamikil verkefni næstu árin.

Einnig var sótt um styrk frá safnaráði fyrir *Frumkvæði Listamanna*, væntanlega útgáfu sem unnin er fyrst og fremst út frá heimildarsafni um listamannarekin rými. Ekki hefur verið gerð heildræn rannsókn á þessum þætti íslenskrar listasögu og er markmið útgáfunnar liður í að afla frekari upplýsinga, vekja athygli á og skapa umræðu um eðli, mikilvægi og fjölbreytileika listamannarekinna rýma hérlandis. Í ritstjórn sitja **Unnar Örn, Gunnhildur Hauksdóttir, Kolbrún Ýr Einarsdóttir, Becky Forsythe og Þorgerður Ólafsdóttir**. Hönnuður er **Ámundi Agnarson**. Enn er beðið svara frá Safnasjóði.

## FRÆÐSLUSTARF

Heimsóknir skólahópa hafa verið með tíðu móti frá öllum mögulegu menntastigum. Starfsmenn skipta með sér leiðsögnum um safnið; safneignina, heimildarsöfnin og yfirstandandi sýningarnar.

Þrjú nemendur í listfræðikennslu frá **Konstfack í Stokkhólmi** unnu í safninu sl. ágúst og bjuggu til leiðsögn og verkefnapakka fyrir börn á aldrinum 6 – 10 ára sem safnið getur nýtt sér þegar skólahópar koma í lengri heimsóknir.

Stjórn og starfsfólk halda áfram að móta fræðsluhlutverk safnsins á þessu sviði en við sjáum ekki fram á stórtækar breytingar nema að til verulegrar fjárukningar komi eins og svo margt annað.

## LÁN Á LISTAVERKUM ÚR SAFNEIGN

Verkið “Flute” eða “Lyktarorgelið” eftir **Dieter Roth** var lánað út í tæpt ár á sýningarnar *AND AWAY WITH THE MINUTES*, Dieter Roth and Music sem sýnd var í Kunsthaus Zug áður en það fór á stóra sýningu í Hamburger Bahnhof í Berlin, sem stóð frá 14 mar. – 16 águ. 2015.

Nýló lánaði verk úr safneign eftir **Hrein Friðfinnsson** á sýninguna Raunverulegt fólk, í Skaftfell – myndlistarmiðstöð, Seyðisfjörður, 1. apr – 21 júní 2015. Verkið *Sviðsett málverk* eftir **Hugsteypuna** var lánað á sýningu í Aríonbanka og fer nú á samsýningu til Listasafns Íslands í lok apríl.

## FORVÖRSLUVERKEFNI

Í fyrra var greint frá því að **Ívar Valgarðsson** hefði komið með ljósmynda og málverka-innsetningu sem hann sýndi á Vatnsstígnum árið 1983. Hann gaf Nýló verkin eftir

sýninguna en af einhverjum ástæðum urðu þau eftir í geymslu á Korpúlfsstöðum. Verkin eru illa farin og mörg hver ónýt. Safnið vinnur núna með listamanninum að því að forverja og laga hluta innsetningarinnar en Ívar mun endurgera stærsta part verksins. Þetta tiltekna verk er gott fordæmi fyrir stjórn og safnið hvernig taka eigi á málum sem þessum sem geta vissulega komið upp eftir fjörtíu ára viðburðaríka sögu.

Nýló hyggur á að setja saman sýningu á verkum eftir **Ólaf Lárusson** og hlaut undirbúningsstyrk frá Myndlistarsjóði m.a. til að forverja og ramma inn verk í eigu safnsins. **Þóra Sigurðardóttir** gerði við verk sitt frá árinu 1994 sem að sýnt var á sýningunni Prýði / Adorn. En verkið hafði aldrei verið sýnt í safninu áður en það var gefið. **Logi Bjarnason** gaf verkið 10K sem að brotnaði í tvennt en hann gerði við það og var rétt í þessu að afhenda safninu það.

## LIFANDI SAFNEIGN

Margt er enn órannsakað í safneign og heimildasöfnum Nýló og bíður safneignar-sýningarrýmið upp á marga möguleika og mismunandi nálganir að verkum og sögu Nýló. Helsta verkefni stjórnar innan safneignar Nýló síðastliðið ár heitir *Konur í Nýló*. Stjórn þótti brýn ástæða til að rannsaka hlut kvenna í safneign og sögu Nýló þar sem mun minna ber á verkum eftir konur. Verkefnið hefur m.a. leitt af sér þrjár sýningar; *Surrealisminn lifir í umsjón Evu Ísleifsdóttur. Prýði / Adorn*, í sýningastjórn **Becky Forsythe** og *101 spurning til kvenna* eftir **Þorgerði Ólafsdóttur** sem opnar þessa vikuna. Sýningarnar hafa allar leitt til samtals við listamennina, nánari rýni í ákveðin verk, verkgjafir og ný verk hafa orðið til sem svo eru gefin inn í safneign.

En að kvennaárinu loknu standa eftir miklu fleiri spurningar heldur en í byrjun verkefnisins, vangaveltur sem snúa að safneigninni og hvernig hún þróaðist í þá mynd sem hún er í dag. Stjórn hefur því staldrað við og ákveðið að leggja skýrari línu fyrir söfnunarstefnuna næstu árin.

## SÖFNUNARSTEFNA

Frá því að safnið flutti í Breiðholt gat stjórn aftur farið að safna verkum í einhverju mæli. Ákveðið var að söfnunarstefnan tæki fyrst og fremst mið af þeim sýningum sem safnið stendur fyrir, þeim listamönnum sem sýna í safninu og verkunum sem verða til.

Núna þegar að við vitum hvað býr í safneign Nýló, vitum við líka hvað vantar. Við tók mikið innra samtal þar sem þessi stóra spurning kom aftur upp - spurningin sem öll söfn þurfa að spyrja sig reglulega - *hvernig á að halda áfram að safna núna?* Eigum við að safna tilbaka eða fram á nýja tíma? Það eru sterk rökin sem að mæla með því að Nýló eigi að fylla upp í eigin göt núna þegar safnið er loksins í aðstöðu til að stækka við sig og mögulega segja réttari sögu. En gatið er staðreynd og hluti af sköpunarsögu safnsins. Það heldur áfram að vera staðreynd þó svo að við veljum að fylla upp í það.

Stjórn er meðvituð um þær listakonur sem að safnið ætti að eiga verk eftir ef marka á sýningarsögu Nýló, stefnan tekur því einnig mið af eigin sögu, safneigninni sjálfri og

þeirra liststefna sem eiga hlutdeild í sögu safnsins (SÚM, experimental environment, skráning gjörninga og athafna – ljósmyndir, bókverk ofl.)

Ein stærsta áskorun stjórnar, fyrir utan að auka á hlut kvenna í safneign, er hvernig á að safna tímatengdum miðlum eins og gjörningum? Safnið á í samtali við nokkra listamenn varðandi verk sem falla ekki að hefðbundinni umgjörð listasafna hvað skráningu og annað fyrirkomulag varðar. Verk eins og innsetningar, leiðbeiningaverk og gjörningar.

Stjórn og starfsfólk mun halda áfram að ræða hvernig Nýló á að safna *núna* en það er nokkuð ljóst að vægi Nýló varðandi söfnun á samtímalist er engu minna en áður og safnið leikur lykilhlutverk í söfnun gjörningalistar. En áherslan ætti að vera að Nýló *endurspegli* söguna eins og hún gerðist, ekki endurskrifi hana eða leiðrétti eins og lenskan er. Nýló hefur haft mjög stóru og flóknu hlutverki að gegna í tæp 40 ár og þarf stöðugt að vera með þriðja augað opið gagnvart listinni.

## **NÝ VERK Í SAFNEIGN**

Um 30 ný verk bættust við safneign Nýlistasafnsins árið 2015. Verkin komu til vegna sýninga bæði í Breiðholti og Núllinu, en einnig í gegnum samtöl við listamenn sem eiga verk í safneign sem nýlega hafa verið sýnd. T.a.m. var stærsta verkjöfin á árinu frá **Önnu Líndal** en hún gaf safninu verkin *Tilbrigði/Variations* frá 1994 og ljósmynda-seríuna *Beauty Forever* frá 1997.

## **Væntanlegar sýningar og verkefni tengdar safneign Nýló**

Sýningin *Reasons to Perform* eftir **Gunndísi Ýr Finnbogadóttur** og **Maju Began** opnar í byrjun september og stendur út árið.

*Rolling Line* er fyrirhuguð sýning á verkum **Ólafs Lárussonar** einn af stofnendum Nýló sem lést í desember 2014. Frá því á sýningunni *Embracing Impermanence* hefur verið mikill áhugi á að halda sýningu á verkum hans. Ákveðið hefur verið að sýningin opni nýtt rými Nýló í Marshall húsinu. Unnið er að sýningunni í góðu samtali við Sigrúnu Báru Friðfinnsdóttur, ekkju Ólafs og í samtali við vini og samferðamenn Ólafs.

**BÓKVERKIÐ** er sýning og verkefni sem **Heiðar Kári Rannversson** listfræðingur og stjórnarliði mun vinna að í samstarfi við Nýló 2016 - 2017. Verkefnið snýst um að rannsaka, greina og sýna íslensk bókverk (e. artists' books) úr safneign Nýlistasafnsins og setja í sögulegt og fræðilegt samhengi við bókmenningu á Íslandi.

## **Samstarf**

Samstarfið milli **Reykjavíkurborgar** og Nýló hefur færst í aukarnar eftir að borgin gerðist leigusali safnsins í Breiðholti og er nú helsti styrktaraðili safnsins. Borgin leitaði til Nýló varðandi þann möguleika að opna Núllið í Bankastræti aftur.

**Ásmundur Hrafn Sturluson** arkitekt og **Steinþór Kári Kárason** hönnuður hjá Kurtog Pi, unnu með Nýló að standsetningu nýs sýningarýmis í Bankastræti 0 síðastliðið vor. Ennfremur eru Ásmundur og Steinþór hugmyndasmiðir og hönnuðir **Marshall hússins**

sem að Reykjavíkurborg hefur nú tekið á leigu fyrir **hönd Nýló, Kling og Bang og Ólafs Elíassonar**.

Nýló heldur áfram samstarfi sínu við lögfræðistofu Ragnars Aðalsteinssonar **Réttur ehf.** við Klapparstíg. Um er að ræða margra ára samkomulag um vinnuskipti en Nýló setur árlega upp nýja sýningu með verkum úr safneign.

Nýló vann bæði með BA og MA náminu í myndlist í **Listaháskóla Íslands** á árinu, gegnum sýningar og annars konar verkefni. Vegna ferða og dvalarstyrks gegnum **SÍM** gat Nýló boðið listamanni frá norðurlöndunum að setja upp sýningu. Nýló vann með listfræðinni í **Háskóla Íslands** þar sem nemendur fá það verkefni að sýningastýra sýningu úr safneign sem opnar 29. apríl.

Nýló heldur áfram að vinna með **Kvikmyndasafni Íslands** varðandi varðveislu á vídeóverkum safnsins.

### **Tækjamál**

Töluvert bættist við af tækjum á árinu vegna styrks sem að safnið hlaut, en brýn þörf hefur verið á að endurnýja tæki. 55" Samsung flatskjár, tveir 40" Phillips flatskjáir, nýjrir hátalarar, heyrnartól og frábæra hjólsög, síðast en ekki síst Mac borðtölva sem var stolið aðfaranótt 14. apríl sl. en var að fullu tryggð. Öll tækin fengust með góðum afslætti og safnið hlaut annan styrktaraðila í gegnum þessi kaup. Nýló þarf að eiga betri búnað fyrir sýningahald þannig að ákveðið var að láta til skara skríða þegar rekstrarstyrkur hlaut.

### **Starfsleyfi í Breiðholtinu**

Nýló hefur gert allar tiltækar ráðstafanir í samstarfi við Reykjavíkurborg til að mæta kröfum frá heilbrigðis, eldvarnar- og byggingaeftirliti varðandi starfseminu í Breiðholtinu. Búið er að bæta aðgengi fyrir hreyfihamlaða og skrifa upp neyðaráætlun. Hinsvegar stendur frágangurinn á eiganda hússins, **Árna Skúlasyni** sem hefur ekki klárað hlutina sín megin svo hægt sé að fá starfsleyfið í gegn. En Safnaráð hefur verið upplýst um stöðu mála og sýnir því skilning á meðan við ásamt borginni reynum að fá eigandann meira til liðs við okkur.

### **FJÁRMÁL**

Edda Kristín mun kynna innan skamms ársreikninga 2015 en bæði fjárlagasamningi við ríki og þriggja ára samningi við Reykjavíkurborg lauk við árslok 2015. Frá 2013 – 2015 nam styrkur frá Reykjavíkurborg 5 milljónir og frá ríki 7 milljónir eða 12 milljónir samtals í tryggð framlög.

Sótt var um verulega aukningu hjá báðum aðilum. Umsókn Nýló til Reykjavíkurborgar skilaði sér í 4.5 milljóna króna hækkun eða 9.5 milljónum á árinu 2016. Sú upphæð helst í hendur við áformin um Marshall húsið og samið var um Nýló myndi aftur sækja

um hjá Menningar og ferðamálasvið borgarinnar í haust 2016 en þá til næstu þriggja ára.

*Erindi til ráðherra* skilaði sér 2 milljón króna hækkun fjárlaga þó að óskað hefði verið eftir svipaðri hlutfallslegri hækkun og hjá Reykjavíkurborg. Hækkunin tryggði þó stöðu safneignarfulltrúa sem hefur verið baráttumál lengi. Vegna þeirra breytinga sem eru í vændum hjá safninu óskaði formaður eftir sérstökum fundi með ráðherra í febrúar þar sem ráðuneytið tók vel í þá beiðni stjórnar að hækka framlögin jafnt og þétt. Annar fundur með ráðuneyti er skipulagður snemma haust 2016.

Af þeim styrkjum sem fengust á árinu 2015 komu fleiri **erlendis frá** að þessu sinni;

**Best Peace Solution (BPS)** er einn angi Annenberg Foundation sem er í eigu bandaríska mannvinsins **Charles Annenberg**. Peningurinn var eyrnamerkur sýningastarfsemi í Núllinu ásamt kynningarefni og nýjum tækjabúnaði, alls 3.800.000 ISK. Sjóðurinn styrkti einnig **Verndum Hálandið, Bíó Paradís, Barnameningarhátíð og Tónlistarþróunarmiðstöðina**.

Nýló hlaut einnig verkefna og rekstrarstyrk að upphæð 9.666 EU eða í kringum 1.360.000 gegnum **Menningsrjóð EEA** vegna sýningarverkefnisins Double Bind sem unnið var í samstarfi við Rupert, Vilnius, Center for Art and Education (Litháen) og Listaháskólann í Ósló / KHiO.

**Styrkir hér heima:** Frá **Myndlistarsjóði** hlaut 500.000 ISK i verkefnisstyrk fyrir *Boekie Woekie, Books and more, by artists* og undirbúningstyrkur að upphæð 500.000 ISK fyrir *Rolling Line*, sýningu á verkum **Ólafs Lárussonar**. Úr **Safnasjóði** hlaut 1.200.000 ISK fyrir verkefni safneignar á árinu.

**Aðrar tekjur:** Alls greiddu 190 fulltrúar árgjaldið sem gefur 667.500 í kassann en þó má betur um bæta þar sem þetta er aðeins rúmur helmingur þeirrar upphæðar sem á að nást. **Eigin tekjur** af sölu bóka og poka var um 258.000 ISK. **Slippfélagið og Heimilisvörur** bættust í hóp styrktaraðila okkar á árinu. **Haugen eh.f.** heldur áfram að styðja safnið veglega með drykkjarveigum og **Prentmet** er enn sú prentstofa sem að safnið leitar til.

## Ytri starfsemi - sýningar og viðburðir

Frá því á síðasta ársfundi hafa opnað alls 15 sýningar og viðburðir í Nýló með verkum 45 listamanna. Stór hluti sýninganna var tekinn inn í gegnum innsendar tillögur til stjórnar sem bárust hér heima og að utan síðasta sumar.

**Sequences VII** fór fram dagana 10 – 19 apríl 2015 undir handleiðslu **Alfredo Cramerotti**. Alls sýndu fimm listamenn í Nýló á vegum Sequences -

**Ragnar Helgi Ólafsson** opnaði sýningu sína *The apparent impossibility of zero* í Núllinu áður en farið var í helstu breytingar á rýminu. Í Völvufellinu var sett upp samsýning á

verkum **Margrétar Helgu Sesseljudóttur, Jordan Baseman, Sally O'Reilly & Selmu Hreggviðsdóttur.**

**Kristín Helga Káradóttir** opnaði fimmtu og síðustu sýninguna í Cyclorama seríunni þann 14. maí 2015. Sýningin bar titilinn *Vorverk* eða *Springtask* og var í umsjón **Evu Ísleifsdóttur**. Tveim dögum seinna eða 16. maí frumflutti **Steinunni Gunnlaugsdóttir** gjörninginn - *OG* - í troðfullu húsi í Breiðholti - bæði sýningin og gjörningurinn voru hluti af dagskrá *Listahátíðar*.

Þann 30. júlí opnaði Nýló Núllið aftur eftir endurnýjun lífdaga með sýningunni *Væntanlegt* eða *Coming Soon* með nýjum verkum eftir **Brynjar Helgason, Ívar Glóa Gunnarsson, Loga Leó Gunnarsson** og **Unu Björg Magnúsdóttir**.

Þann 29. ágúst fluttu litháenski listamaðurinn **Augustas Serpinas** og sýningastjórinn **Juste Jonutyte** frá Rupert í Vilnius, verkið *Best Place to Hide in Nýló*.

Sýningin *Nothing Really Matters (except me)* eftir breska listamanninn **Simon Buckley** (UK), opnaði 25. september í Núllinu.

**Emil Magnusarson Borhammar** opnaði sýninguna *Art/Work* þann 10. október í Breiðholti. Emil hlaut ferðastyrk gegnum SÍM og dvaldi í vinnustofu á Seljaveginum á meðan að hann vann að sýninguni.

**Kristín Rúnarsdóttir** opnaði sýningu sína *prik//strik* í Núllinu þann 13 nóvember, sýningin var opin til 6. desember og fór þá Núllið í tímabundinn dvala yfir veturinn.

*Heimurinn tilheyrir öllum, ekki fáum útvöldum* var yfirskriftin á samsýningar átta nemenda á meistarastigi við *Listaháskóla Íslands* sem að opnaði í Nýló í Breiðholti 28. nóvember og stóð fram til jólafrís.

Stjórn safnsins bauð **BOEKIE WOEKIE** að sýna í Nýló í tilefni að 30 ára starfsafmæli þessa frábæra vettvangs. Á sýningunni sem opnaði 9. janúar voru verk eftir stofnendur og aðstandendur bókabúðarinnar, þau **Henriëtte van Egten, Rúnu Þorkeldsdóttur, Jan Voss, Hrafnhildi Helgadóttur & Brynjar Helgason**.

Samhliða sýningunni bauð Nýló **Hreyfiprentstofunni** rýmið á neðri hæðinni þar sem að þeir **Leifur Ýmir Eyjólfsson** og **Sigurður Atli Sigurðsson** voru með námskeið fyrir *Sjónlistardeildina* í Myndlistarskóla Reykjavíkur. Nemendurnir settu upp sýningu á Safnanótt 6. febrúar þar sem boðið var upp á pönnukökur og prentaðstöðu til miðnættis. Met var slegið í gestaaðsókn og heimsóknum skólahópa í Nýló frá því að það flutti í Breiðholt á þessum tíma, janúar og febrúar.

Þann 5. mars opnaði sýningin *Double Bind* í Reykjavík eftir að hafa ferðast á milli Vilníus, Pabradé og Visaginas í Litháen og Ósló, Noregi. *Rupert, Center for Art and Education* (Litháen) leitaði eftir samstarfi við Nýló varðandi aðkomu íslenskra listamanna á sýningunni og var **Berglindi Jónu Hlynsdóttur og Styrmir Erni Guðmundssyni** boðið að taka þátt. Aðrir samstarfaðilar að sýningunni voru *Listaháskólinn í Ósló*. Á sýningunni eru sýnd verk eftir 9 listamenn sem takast á við hugmyndina um að endurvekja pólitíska hugsun í sjálfhjálparúræðum. Listamennirnir voru **Valentina Desideri & Denise Ferreira da Silva, Morten Norbye Halvorsen, Styrmir Örn Guðmundsson, Berglind Jóna Hlynsdóttir, Juha Pekka Matias Laakkonen,**



**Lina Lapelytė, Viktorija Rybakova og Augustas Serapinas** sem var með gjörning í Nýló í ágúst. Sýningastjórn var í umsjón **Maya Tounta & Justė Jonutytė**

Á *Hönnunarmars* lánaði stjórn Nýló **Dulkápunni** Núllið þar sem sýnd voru bókverk listamanna og hönnuðu ásamt því að opnað var fyrir netaðgang að dulkápunni (.net). Nýló hafði áður aðstoðað aðstandendur Dulkápunnar með verkefnið þegar að það var á byrjunarstigi með því að veita þeim upplýsingar um fjölda bókverk í eigu safnsins sem eru nú einnig til sýnis á Dulkápunni.

Nýló opnaði svo aftur Núllið með sýningunni *Being Boring* í umsjón bresku sýningastjórnanna **Gemma Lloyd og Gareth Bell-Jones** sem settu upp sýningu um leiða með verkum 7 listamanna; **John Baldessari, Phil Coy, Lucy Clout, Emma Hart, William Hunt, Sam Porritt og Peter Wächtler**. Listaháskólinn og Nýló unnu mikið saman í vikunni á undan sýningunni og héldu sýningastjórnir fyrirlestur, áttu í viðtölum við nemendur og unnu með hópi nemenda að endurgerð verks **John Baldessari** – *I will not make any more boring art*.

### Málþing og fyrirlestrar

Þorgerður, Becky og Heiðar Kári tóku þátt í málþinginu *Woman's Day Off* fyrir hönd Nýló á vegum **Konsthall C**, listamannarekið rými í Hökaringen, Stokkhólmi, í desember 2015. Aðrir þátttakendur voru **CAMP** – Center for Art on Migration Politics í Kaupmannahöfn, **Maiko Tanaka** (The Grand Domestic Revolution), listamennirnir **Emma Tolander** og **Dady de Maximo** listamanni frá Rúanda ásamt **Gunilla Lundahl** sænskum rithöfundu.

**Latvian Center for Contemporary Art** í Ríga, Lettlandi bauð Nýló að halda opunarerindi á málþingi um heimildarsöfn og leiðir til að safna og varðveita núna sl. mars. Aðrir þátttakendur voru **Jagna Lewandowska** frá Arton Review í Póllandi – Arkíf um pólska avant-garde listamenn, listakonan **Lia Perjovschi** frá Rúmeníu sem safnar í arkíf allsherjar listar, **Ehsan Fardjadniya**, listamaður, **Dorian Batycka** sýningastjóri og blaðamaður, **Margarita Novikova** og **Elena Michajlowska** – sem safnað hafa viðtölum við fólk varðandi upplifun af falli Sovétríkjanna. **Kaspar Vanags** sýningastjóri sem er í söfnunarnefnd nýja og fyrsta samtímalistasafnsins í Ríga og **Vesna Madzosa** sem kynnti doktorsritgerðina sína – *Lost and Found* – Crimes in the Manifesta Archive.

Stjórn Nýló vill þakka öllum kærlega fyrir sem að tóku þátt í sýningum, viðburðum og verkefnum á vegum safnsins á einkar viðburðaríku ári.

## Nálæg framtíðarsýn

Stjórn Nýló stefnir á að ljúka sýningardagskrá sinni í verkefnarýminu í Breiðholtinu í lok árs 2016. Næsta sýning í safninu ber titilinn *Infinite Next* og er samsýning á verkum

eftir Önnu Líndal, Amy Howden - Chapman, Bjarka Bragason, Bryndísi Snæbjörnsdóttur & Mark Wilson, Hildigunni Birgisdóttur og Pivli Takala. Sýningarprógrammi stjórnar í Núllinu lýkur einnig í sumar og er stjórn ráðgefandi aðili Reykjavíkurborgar um næstu leigendur að rýminu.

Með veru sinni í Breiðholti tók Nýlistasafnið óhjákvæmilega á sig aukið hlutverk sem snýr að samfélagslegri ábyrgð og móralskri uppbyggingu hér í úthverfunum. Þetta er mikið og þarft áttak og ekki síst gagnvart unga fólkinu í hverfinu. Hins vegar fellur þetta hlutverk ekki að markmiðum og áherslum stofnskrár safnsins. Það væri því verulega gott ef að borgin stuðlaði að því að starfsemi af svipuðum toga og Nýló tæki yfir efri hæðina, vettvangur sem hefur burði og bolmagn til að sinna þessu hlutverki. Nýló þarf líka að samþykkja næstu leigendur og nágretta safneignarinnar hjá Reykjavíkurborg.

Þegar stjórn safnsins skrifaði undir leigusamning við Reykjavíkurborg vegna neðri hæðar Völvufellsins var lagt upp með að útbúa aðstöðu fyrir safneignina og heimildarsöfnin ásamt rannsóknaraðstöðu fyrir gesti safnsins sem opin væri 2 daga í viku. Eftir að stjórn ákvað að flytja sýningarstarfsemi sína tímabundið á efri hæðina breyttist Völvufellið í aðabækistöðvar safnsins þar til annað sýningarrými stæði til boða. Núna þegar ljóst er að Nýló mun flytja sýningarrými sitt út á Granda verða fyrri áætlanir teknar upp í Völvufellinu sem heimili safneignar Nýló og rannsókna.

Í öllum þessum stórtæku áformum má ekki missa jarðtenginguna og eru vangaveltur um framtíðarfjárhag góð leið til þess að draga mann niður á jörðina. En eitt varðandi peninga. Nýlistasafnið er atvinnuskapandi og mikilvægur liður í menningarhagkerfi Íslands. Á hverju ári kemur safnið með erlendan gjaldmiðil inn í þjóðarþúið gegnum styrki og býr til verkefni sem auðga andan og listina í landinu. Mikilvægi Nýló verður því seint mælt í krónum en það er komið að ákveðnum kafla-skilum í safninu þar sem augljóst er að það er ekki hægt að reka samtímalistasafnið á Íslandi fyrir 19 milljónir á ári. Þælum aðeins í þessari tölu. (fundurinn þælir aðeins í þessari tölu).

Við umsóknarvinnu til ríkis og borgar var auðsýnt í öllum áætlunum að rekstrar-kostnaður safnsins mun tvöfaldast á næstu tveimur árum. Lagt er upp með að safnið taki á sig þriðjung kostnaðarins á móti ríki og borg ef að fyrri áform gangi upp varðandi hækkun fjárlaga og samnings við borgina. En þó að þeir styrkir gangi í gegn mun safnið bera ábyrgð á því að koma inn með miklar fjárhæðir, hærri heldur en styrkjakerfið hér heima býður upp á. En Nýló er í eigu og á ábyrgð listamanna og við höfum fundið leiðir til þess að halda þessu safni gangandi í nær fjóra áratugi.

Eitt af helstu verkefnum stjórnar á árinu er að leggja drög að rekstrarformi safnsins á stærri vettvangi. Á árinu 2016 er stefnt að því að hækka starfsgildin upp í 2,3 ársverk og byggja hægt en örugglega til ráðrúm fyrir fleiri hendur þar sem starfsemi Nýló verður sífellt umfangsmeiri. Eins og tekið var fram á síðasta ársfundi gerir stjórn ráð fyrir því að nýta hluta uppboðspeningsins í lokafrágang sýningarýmisins. Edda Kristín mun kynna fjárhagsáætlanir hér á eftir þar sem betur verður farið yfir rekstrarkostnað Nýló á tveimur vettvöngum, í Breiðholti og út á Granda.

## **MARSHALL HÚSIÐ**

Á síðasta ársfundi greindi stjórn fyrst frá *Marshall húsinu* en hugmyndir um myndlistarstarfsemi í húsinu hafa legið í loftinu frá því í byrjun árs 2014. Skýrt var frá því að stjórn myndi boða til sérstaks fundar ásamt fulltrúaráði ef að útlit væri fyrir að samkomulag næðist milli Reykjavíkurborgar og *HB Granda*, eiganda hússins.

Þann 5. janúar 2016 var fundur haldinn í Myndhöggvarafélaginu við góða mætingu þar sem ákveðið var að safnið myndi stíga þetta stóra skref og færa sýningarstarfsemi sína í Marshall húsið. Allir fundargestir greiddu atkvæði með flutningunum.

12. febrúar voru samningar um Marshall húsið undirritaðir af Reykjavíkurborg, Kling og Bang, ið f. hönd Ólafs Elíasarsonar og Nýló eftir að fyrrnefndir aðilar höfðu komið sér saman um öll ákvæði samningsins. Leigusamningurinn er til 15 ára með eins árs uppsagnarfrest. Á næstunni munu leigutakarnir þrír mynda með sér rekstrarfélag sem mun koma til með að halda utan um allan reksturinn á Marshall húsinu.

Hugmyndin á bakvið Marshall húsið er að gefa fyrrnefndum aðilum rými til þess að vinna að sýningum og viðburðum. Þetta nýja hús er mikilvægt fyrir margar sakir, aldrei áður hefur náðst jafn stór samningur við Reykjavíkurborg um listamannarekna starfsemi sem að hefur farið þverrandi í borginni sökum leiguverðs. Húsið verður hannað með það fyrir sjónum að Nýlistasafnið taki að sér aðra hæð hússins og Kling og Bang gallerí þá þriðju. Ólafur Elíasson mun svo setja upp vinnustofu og sýningarými á 4. hæð hússins og í hliðarvæng. Að endingu mun veitingastaður taka að sér jarðhæð hússins.

Augljóst er að ef vel tekst til mun Marshall húsið breyta og bæta menningarumhverfið á Íslandi. Stærsta verkefni stjórnar á þessu ári er að leggja línurnar fyrir sitt rými í húsinu. Það hefur lengi verið ósk safnsins að koma báðum öngum sínum varanlegra fyrir en leigusamningurinn í Marshall húsinu nær yfir jafnlangt tímabil og frá því að Nýló var til húsa á Vatnsstíg 3b. Því má ljúka þessari samantekt með því að segja að næstu árin verði afar spennandi í listinni, en það má ekki missa móðinn og safnið þarf að halda vel utan um eigið umfang.

### **Skýrslu lýkur**

f.h. Stjórnar og starfsfólks 2015 - 2016,



---

Þorgerður Ólafsdóttir

formaður stjórnar Nýlistasafnsins